

Fundargerð

Fundur í dreifbýlisnefnd Reykhólahrepps
miðvikudaginn 13. janúar 2016 kl. 18.

Fundarstaður: Auðarskóli, Búðardal.



Mætt: Sveinn Ragnarsson, Erla Björk Jónsdóttir, Baldur Ragnarsson, Erna Ósk Guðnadóttir og Áslaug B. Guttormsdóttir aðalmenn og Guðrún Marta Ársælsdóttir varamaður, en varamenn voru boðnir ef þeir hefðu áhuga. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Sveitarstjóri setti fundinn og bauð fólk velkomid á fyrsta fund dreifbýlisnefndar.

Dagskrá

Mál til afgreiðslu

1. Nefndin skiptir með sér verkum.

Fram fóru kosningar. Erla Björk Jónsdóttir er kjörin formaður nefndarinnar með þremur greiddum atkvæðum á móti tveimur, varaformaður nefndarinnar er kjörinn Baldur Ragnarsson með þremur greiddum atkvæðum af fimm. Erna Ósk Guðnadóttir er kjörin ritari nefndarinnar.

Nýkjörinn formaður nefndarinnar tók við fundarstjórn.

2. Stefnumótun dreifbýlisnefndar, erindisbréf.

Áslaug Berta Guttormsdóttir fór yfir sínar hugmyndir um nefndina, til hennar hefði verið leitað með ýmisleg málefni sem tengjast jaðarbyggðum í Reykhólahreppi. Dreifbýlisnefnd færir íbúana nær sveitarstjórn og gæti verið þrýstihópur. Erna Ósk tók til máls og benti á málefni sem tengjast Gufudal, nettengingu og náttuga á Fjarðarhorni eða á Kletti vegna víðfeðms svæðis til leitar. Mikill tími fari í smölun við Klettsháls vegna þess að girðing MAST liggur niðri. Mikill akkur væri í því að fá girðinguna upp aftur. Baldur Ragnarsson tók til máls, honum list vel á nefndina og finnst hún gott framtak. Erla Björk Jónsdóttir fagnaði nefndinni og taldi hana koma að gagni við að koma sjónarmiðum jaðarbyggðanna á framfæri. Henni fyndist mikið vera einblínt á Reykhóla. Sveinn Ragnarsson tók til máls, hann vildi að fólk passaði að fulltrúar nefndarinnar væru talsmenn sveitarinnar í heild sinni, ekki bara síns svæðis, fulltrúarnir séu talsmenn íbúanna og geti komið að öllum málum til að koma þeim á framfæri við sveitarstjórn og miðlað þannig upplýsingum. Áslaug Guttormsdóttir taldi nefndina jafnvel geta komið að varðveislu menningarminja. Guðrún Marta Ársælsdóttir kom því á framfæri að nefndin ætti að funda víða og þá einnig í Flatey. Áslaug leitaði álits nefndarinnar á tíðni funda nefndarinnar og var sammælt um fund ársfjórðungslega.

Eftir umræður var niðurstaða nefndarinnar svohljóðandi stefna og verður hún höfð að leiðarljósi í störfum hennar:

Nefndin hefur fyrst og fremst það hlutverk að vera tenging íbúanna við sveitarstjórn, sem talsmenn íbúa sveitarfélagsins. Nefndin er þrýstihópur á hið opinbera varðandi málefni dreifbýlisins og byggðarinnar. Nefndin er tengiliður við áttthagafélög tengd sveitarfélaginu og stuðlar að varðveislu menningar- og fornminja. Nefndin er vakandi yfir og er ráðgefandi um styrki og fleira sem nýst getur til framfara í sveitarfélaginu. Nefndin kemur málefnum sínum á framfæri við aðrar nefndir sveitarfélagsins, sem þannig nýtist þeim til að taka upplýstar ákvarðanir.

3. Málefni dreifbýlisnefndar, almennar umræður.

Erla Björk fór yfir þau atriði sem fram hafa komið á fundinum. Salerni ferðamanna, fólk þarf að geta gengið að salerni vísu og hægt væri að gera til upplýsingar kort af stöðum þar sem eru salerni og sorpgámar eru til staðar. Sveitarfélagið gæti orðið öðrum sveitarfélögum fyrirmynd hvað þetta varðar.

Nettenging, þrýsta þarf á Póst- og fjarskiptastofnun og á þetta við um dreifbýlið í heild sinni, fyrir utan Flatey. Ríkið stefnir að rafrænum viðskiptum en íbúum er ekki gert kleift að stunda þannig viðskipti vegna þeirra hamla sem núverandi netþjónusta setur fólki. Sauðfjárveikivarnir eru veikar beggja vegna í Reykhólahreppi. Reykhólahreppur er hreint svæði og þarf að huga að því. MAST-girðingin liggur niðri og sauðfé leitar vestur til Barðastrandar í Vesturbyggð, heyrjað er sunnan Gilsfjarðar í Dalabyggð og heyrjað flutt yfir sauðfjárveikivarnalínu inn á svæði Reykhólahrepps.

Erla Björk vildi koma á framfæri að það vantaði verklagsreglur vegna þess ef börn komast ekki heim úr skóla vegna óveðurs, þær myndu auka öryggi foreldra með börnin sín. Erla vildi fá upplýsingar um það hvað væri innifalið í sorpgjaldi, rökstuðninganti fyrir tvöföldu gjaldi fyrir lögbýlin, gáma anti fyrir timbur og járn og flokkað sorp.

Baldur spurði um verkefnið varðandi sumarstarfsmann í Flatey, hvort verkefni hans gæti verið að rukka ferðaskip og athuga með rotþrær. Hann ræddi um sjóvarnargarðinn sem er áætlaður á árinu. Hlaða þarf upp Silfurgarðinn og Stóra garðinn, hreinsa þarf Þýsku vörina og aðrar varir í Flatey. Baldur ræddi um að hann væri með vélar til staðar þessa stundina, sem hann gæti leigt, dýrt er að koma vélum út í eyju og kjörið að nýta tækifærið. Guðrún kom á framfæri tillögu frá Framfarafélaginu að komið yrði á fót nefnd húseigenda í Flatey og sveitarstjórnar til að staðsetja smábátabryggju í eyinni. Baldur og Guðrún ræddu um ljósavélar Orkubúsins og leyfisveitingar vegna þeirra. Yfirlýstur vilji er fyrir því að vélunum verði komið fyrir inni í Frystihúsinu, en beðið er svara frá Orkubúinu varðandi málið. Framfarafélagið hefur séð um stíga og götur í Flatey, félagið á eitthvert efni í stíga, það vantar fjármuni til að koma upp áningarstöðum.

Hjónin Baldur og Guðrún lögðu fram fyrirspurn um það hvort þau mættu rífa skúrinn sem er á áformaðri lóð á athafnasvæðinu við Tröllenda.

Sveinn ræddi vetrarþjónustu í dreifðum byggðum. Skýra þyrfti verkferil varðandi snjósmokstur heim að bæjum.

Baldur ræddi um slökkviliðið í Flatey og lýsti ánægju með kaup á traktorsdælu fyrir brunavarnir í Flatey og slökkviæfingu sem hann vildi sjá reglulega. Áslaug fór yfir það sem samþykkt hefur verið fyrir brunavarnir í Flatey. Áslaug ræddi höfnina á Stað, að vilji væri fyrir því hjá íbúum á Reykjanesi að Vegagerðin kæmi að því að halda þar úti samgöngutengingu.

Vilji er fyrir því hjá nefndinni að fundargerðir hennar birtist sem frétt á vef sveitarfélagsins til upplýsingar fyrir íbúa.

Nefndin hvetur íbúa að hafa samband við fulltrúa í nefndinni með málefni.

Stefnt er á næsta fund 24. febrúar á Reykhólum, stefnt er á að halda fundinn kl. 15.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 22.

_____	_____
_____	_____
_____	_____